

## Minnisblað.

Til: Bæjarstjóra

Frá: Kristjáni Sturlusyni sviðsstjóra stjórnsýslu og Ólafi Helga Árnasyni lögmanni

**Efni: Verklagsreglur vegna beiðna um umsagnir um þingmál.**

Dags.: 2.12.2014

---

Lagt er til að eftirfarandi verklagsreglur gildi um beiðnir sem berast Hafnarfjarðarkaupstað um umsagnir um þingmál :

1. Erindi frá nefndarsviði Alþingis fari til sviðsstjóra stjórnsýslu.
2. Eingöngu erindi vegna umsagna um stjórnarfrumvörp koma til skoðunar (eru meginþungi þess sem berst).
3. Sviðsstjóri stjórnsýslu metur málefnið sem erindið fjallar um út frá undir hvaða ráð það heyrir innan stjórnskipunar Hafnarfjarðarkaupstaðar. Sendir erindið til formanns viðkomandi ráðs og viðkomandi sviðsstjóra eða bæjarstjóra.
4. Formaður ráðs og bæjarstjóri eða viðkomandi sviðsstjóri taka ákvörðun um hvort erindið sé þess eðlis að leggja eigi það fyrir ráðið.
5. Ákvörðun um hvort gera skuli umsögn er síðan tekin á fundi viðkomandi ráðs. Í einhverjum tilvikum myndu formaður og sviðsstjóri taka ákvörðun um að leggja fram drög að umsögn um leið og erindið væri lagt fram.